

## ✉ Aukning á urðun á sorpi í landi Fíflholta, Borgarbyggð-Frummatsskýrsla

Búið til	18.6.2020 09:38:42
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	18.6.2020 09:38:41
Tilheyrir	📁 202005-0048 - Aukning urðunar á sorpi í landi Fíflholta í Borgarbyggð - Beiðni um umsögn

### Efni

Aukning á urðun á sorpi í landi Fíflholta, Borgarbyggð-Frummatsskýrsla

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	18.6.2020 09:38:41	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	skipulag@skipulag.is, jon@skipulag.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202005-0048 (TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 21. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna aukningu urðunar á sorpi í landi Fíflholta á Mýrum í Borgarbyggð.

Fram kemur að frummat það sem hér um ræðir á eingöngu við um aukningu á urðun/sorp magni en ekki er þörf á að urðunarreinar eða urðunarsvæði sem nú þegar er leyfi fyrir verði stækkað. Aukningin er því öll innan svæðis sem er á samþykktu í skipulagi sem urðunarsvæði. Jafnframt kemur fram að verið er að skoða heildarlausnir í sorpmálum fyrir Vesturland og stærra svæði. Frummatsskýrslan fjallar því fyrst og fremst um mengunarmál í víðum skilningi þ.e. efna- (þ.m.t. loftslagsmál), lyktar-, hávaða-, og sjónmengun. Auk þess hefur nokkuð borið á að sorp hefur fokið af svæðinu.

Að mati Náttúrufræðistofnunar, og með hliðsjón af því að sorpurðunin verður áfram á sama svæði, má gera ráð fyrir að viðbótaráhrif á jarðminjar/landslag, gróðurfar, fuglalíf eða annað dýralíf/lífriki á svæðinu verði lítil sem engin ef farið er að ströngustu mengunarmálum og frágangur allur í samræmi við það sem fram kemur í frummatsskýrslunni.

#### Niðurstaða

Með hliðsjón af því að um er að ræða mat á umhverfisáhrifum vegna aukningar á urðun á sama svæði telur Náttúrufræðistofnun að frummatsskýrslan geri nægjanleg vel grein fyrir þeim þáttum sem snúa beint að hlutverki stofnunarinnar þ.e. umhverfis og áhrifum á náttúruminjar s.s. jarðminjar og plöntu- og dýralíf og

Þá meðal annars m.t.t. náttúruverndarsvæða og skynsamlegrar landnotkunar almennt. Urðunarvæðið er á samþykktu skipulagi og í nýtingu. Náttúrufræðistofnun sér því ekki ástæðu til að gera sérsakar athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Umsýsla og eftirlit með mengun og mengunarvörnum er almennt utan verksviðs Náttúrufræðistofnunar. Stofnunin leggur engu að síður áherslu á að alltaf séu gerðar ýtrustu kröfur um mengunarvarnir og umgengni um sorpurðunarsvæði, þ.m.t. í Fíflholti, svo votlendi og lífríki umhverfis sorpurðunarsvæðið verði ekki spillt frekar en þegar er orðið.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (<mailto:trausti@ni.is>)



## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)